

Skipulagsskrá fyrir Verzlunarskóla Íslands

1. gr. Varnarþing og stofnfé

Verzlunarskóli Íslands er sjálfseignarstofnun, sem starfar samkvæmt lögum um sjálfeignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999. Heimili og varnarþing stofnunarinnar er að Ofanleiti 1, Reykjavík. Stofnfé skólans þann 31. desember 2011 er kr. 40.000.000,- í handbæru fé.

2. gr. Hlutverk

Hlutverk Verzlunarskóla Íslands er að auka samkeppnishæfi íslensks atvinnulífs, innbyrðis sem og gagnvart öðrum þjóðum, með því að efla og veita almenna menntun og viðskiptafræðslu á framhaldsskólastigi. Skólanefnd er jafnframt heimilt að vinna að ofangreindu hlutverki skólans á hvern annan þann hátt sem fulltrúaráð og skólanefndin kann að ákveða s.s. með veitingu menntunar á öðrum skólastigum og kaupum, sölu, leigu og/eða rekstri fasteigna sem fellur að hlutverki skólans.

3. gr. Fulltrúaráð

Í fulltrúaráði Verzlunarskóla Íslands sitja 9 menn og skulu þeir þannig skipaðir: Samtök atvinnulífsins skipa sex menn, þrjá án tilnefningar og þrjá samkvæmt tilnefningu frá aðildarfélagunum SVP, SAF og SFF, sem hvert um sig tilnefnir einn fulltrúaráðsmann. Þá skulu þrír fulltrúaráðsmenn skipaðir af Viðskiptaráði Íslands. Fulltrúaráðsmenn skulu alla jafna skipaðir fyrir aðalfund og fara með atkvæðisrétt á sínum fyrsta fundi.

Skipunartími fulltrúaráðsmanna er fjögur ár, en tilnefningaraðila er jafnan heimilt að skipta um fulltrúa sína. Ef fulltrúaráðsmaður lætur af störfum áður en fjögurra ára skipunartíma hans er lokið, skal sá fulltrúaráðsmaður sem kemur í hans stað sitja út þann tíma sem eftir er af skipunartíma þess sem hann leysir af hólmi. Enginn fulltrúaráðsmaður má sitja lengur í fulltrúaráðinu en 12 ár.

Þess skal ávallt gætt að hlutföll kynja séu sem jöfnust í fulltrúaráðinu og meirihluti fulltrúaráðsmanna skulu vera fyrrverandi nemendur Verzlunarskóla Íslands.

Fulltrúaráðið skiptir sjálf með sér verkum.

Hlutverk fulltrúaráðs er eftirfarandi:

- a) að marka stefnu skólans í samstarfi við skólanefnd og fylgja eftir framvindu hennar
- b) að styðja við og hafa eftirlit með rekstri Verzlunarskóla Íslands
- c) að gæta hagsmuna Verzlunarskóla Íslands og tryggja að hann ræki hlutverk sitt
- d) að skipa einstaklinga í stjórn (skólanefnd) Verzlunarskóla Íslands
- e) að kjósa löggildan endurskoðanda fyrir Verzlunarskóla Íslands
- f) að breyta skipulagsskrá Verzlunarskóla Íslands í samræmi við hlutverk hans, gerist þess þörf.

Fulltrúaráð Verzlunarskóla Íslands skal funda að minnsta kosti tvisvar sinnum á ári og skal annar af föstum fundum ráðsins jafnframt vera aðalfundur. Aðalfund skal halda að jafnaði á vorin, eigi síðar en fyrir lok ágústmánaðar ár hvert.

Aukafund skal halda samkvæmt ákvörðun fulltrúaráðs eða að kröfu meirihluta skólanefndar.

Formaður fulltrúaráðs boðar til fulltrúaráðsfunda. Til fulltrúaráðsfundar skal boðað með tveggja vikna fyrirvara, nema brýn nauðsyn sé að halda fund með skemmri fyrirvara, í ábyrgðarbréfi eða

á annan sannanlegan hátt og skal dagskrár getið í fundarboði. Fundur telst löglegur ef réttilega er til hans boðað. Heimilt er að boða fulltrúaráðsfundi með tölvupósti gegn staðfestingu um að póstur hafi borist í pósthólf viðtakanda.

Skólanefnd og skólastjóri Verzlunarskólans skal hafa rétt til setu á fulltrúaráðsfundum nema fulltrúaráð ákveði annað.

Fulltrúaráðsfundum stýrir fundarstjóri sem kosinn skal af fulltrúaráði.

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála á fulltrúaráðsfundum, nema lög eða skipulagsskrá þessi kveði á um annað. Falli atkvæði jöfn ræður hlutkesti úrslitum. Fundir fulltrúaráðsins eru lögmætir ef meira en helmingur fulltrúaráðsmanna er viðstaddur.

Hver fulltrúaráðsmaður á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fulltrúaráðsfundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til formanns fulltrúaráðs með viku fyrirvara.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

- i. Kynning nýrra fulltrúaráðsmanna og kosning formanns fulltrúaráðs, ef við á.
- ii. Kosning fundarstjóra og fundarritara
- iii. Skýrsla formanns skólanefndar um starfsemi skólans á liðnu starfsári.
- iv. Samþykkt ársreikninga.
- v. Tillögur um breytingar á skipulagsskrá þessari, löglega upp bornar, sbr. 8. gr.
- vi. Kosning stjórnar (skólanefndar) ef við á, sbr. 4. gr. iv)
- vii. Kosning löggilts endurskoðanda.
- viii. Ákvörðun um þóknun skólanefndarmanna.
- ix. Önnur mál, löglega upp borin.

Fulltrúaráðið skal færa fundargerð á fundum sínum og skal fundargerðarbók ráðsins sem og önnur gögn þess varðveitt á skrifstofu Verzlunarskóla Íslands.

4. gr. Skólanefnd

Fulltrúaráð kys fimm menn í stjórn Verzlunarskóla Íslands (skólanefnd) og staðfestir starfsreglur skólanefndar. Auk formanns, sem kosinn er sérstaklega, skulu kosnir fjórir aðalmenn. Við skipan skólanefndar skal miða við að innan skólanefndarinnar sé fjölbreytni í menntun og reynslu, sem og að kynjahlutföll séu sem jöfnust. Þá skal við það miðað að skólanefndarmenn séu vel tengdir atvinnulífi landsins. Í skólanefnd skulu að jafnaði aðeins sitja fyrrverandi nemendur Verzlunarskóla Íslands.

Kjörtímabil skólanefndar er þrjú ár, en fulltrúaráði er heimilt að skipta skólanefndarmönnum út á kjörtímabilinu, með einföldum meirihluta. Enginn skólanefndarmaður má sitja lengur í skólanefnd en 12 ár.

Forfallist skólanefndarmaður varanlega skal fulltrúaráðið kjósa annan í hans stað á aðalfundi eða sérstaklega boðuðum aukafundi. Ef nefndarmaður í skólanefnd lætur af störfum áður en þriggja ára kjörtímabili hans er lokið, situr sá nefndarmaður sem kemur í hans stað út þann tíma sem eftir er af kjörtímabili þess sem hann leysir af hólmi.

Skólanefnd ræður skólastjóra, gengur frá starfslýsingu hans, ákveður laun hans og önnur starfskjör og leysir hann frá störfum ef ástæða þykir til. Skólanefnd veitir skólastjóra, svo og öðrum starfsmönnum, ef henta þykir, prókúruumboð.

Skólanefnd markar stefnu skólans að höfðu samráði við fulltrúaráð í samræmi við markmið hans og tilgang, ákveður námsframboð, inntökuskilyrði og meginstarfstilhögun skólans, allt í

samræmi við laga- og stjórnvaldsfyrirmæli sem gilda um kennslu á því skólastigi sem Verzlunarskólinn sinnir. Jafnframt ákveður skólanefnd skólagjöld og greiðslutilhögun þeirra.

Skólanefnd skal hafa stöðugt eftirlit með rekstri skólans, bókhaldi og meðferð á fjármunum hans, þ.m.t. sjóðum þeim, er skólanum tilheyra. Skólanefnd samþykkir rekstraráætlun fyrir skólann og ársreikning hans. Skólanefnd skal setja sér starfsreglur þar sem m.a. skal kveðið nánar á um verkefni skólanefndar og skólastjóra, sem staðfestar skulu af fulltrúaráði Verzlunarskólans. Nýir skólanefndarmenn skulu undirrita starfsreglurnar. Skólanefnd skal endurskoða starfsreglur sínar árlega. Breytingar á starfsreglum skulu staðfestar af fulltrúaráði Verzlunarskólans.

Undirskriftir meirihluta skólanefndarmanna skuldbinda skólann. Allar meiri háttar ákvarðanir tengdar rekstri skólans t.a.m. um kaup og sölu fasteigna, skulu þó bornar undir fulltrúaráð Verzlunarskólans.

Formaður boðar fundi skólanefndar með dagskrá og minnst þriggja daga fyrirvara, nema brýn nauðsyn sé að halda fund með skemmri fyrirvara. Formanni er skylt að boða fund ef einn skólanefndarmanna, skólastjóri eða endurskoðandi skólans krefjast þess. Fundur er aðeins lögmætur ef meirihluti skólanefndarmanna sitja hann.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á skólanefndarfundi, en þó þurfa minnst þrír skólanefndarmenn að greiða tillögu atkvæði sitt til að hún teljist samþykkt. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir skólanefndarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess kostur. Falli atkvæði jöfn skal atkvæði formanns ráða úrslitum. Það sem gerist á fundum skólanefndar skal bókað í fundarbók. Fundargerð skal send fulltrúaráði Verzlunarskólans, sé þess óskað.

5. gr. Skólastjóri

Skólastjóri kemur fram fyrir hönd skólans, annast daglegan rekstur hans og ber ábyrgð á rekstrinum gagnvart skólanefnd. Skólastjóri er framkvæmdastjóri skólans og situr fundi skólanefndar með málfrlsi og tillögurétt, nema skólanefnd ákveði annað.

Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur skólastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá skólanefnd, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana skólanefndar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi skólans. Í slíkum tilvikum skal skólanefnd tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Fjármálaumsýsla og áætlanagerð er í höndum skólastjóra. Skólastjóri skal einnig sjá um að bókhald skólans sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna skólans sé með tryggilegum hætti.

Skólastjóri ræður kennara og aðra starfsmenn, og víkur þeim frá, hvoru tveggja í samráði við skólanefnd. Hann semur skýrslu um starfsemi skólans í lok hvers skólaárs. Skýrsla skólastjóra skal kynnt fulltrúaráði Verzlunarskólans samhliða ársskýrslu og ársreikningi skólans sbr. 6. gr.

6. gr. Eignir, skuldbindingar og reikningsár

Verzlunarskóli Íslands ábyrgist skuldbindingar sínar með eignum skólans. Reikningsár skólans telst frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Skólanefnd skal afgreiða og senda fulltrúaráði Verzlunarskólans ársreikning skólans, endurskoðaðan af endurskoðanda skólans, og ársskýrslu eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Gildir það jafnt um önnur félög og lögaðila í eigu skólans.

7. gr. Ráðstöfun hagnaðar/taps

Hagnaði Verzlunarskóla Íslands skal aðeins ráðstafað til eflingar starfseminnar í samræmi við hlutverk skólans. Þó er skólanefnd heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur skólans og skal sú fjárhæð að jafnaði nema sem samsvarar þriggja mánaða fjárframlögum frá ríkinu til skólans, eins og þau eru á hverjum tíma.

Tap af starfsemi Verzlunarskólans verður greitt úr sjóðum skólans eða fært á næsta reikningsár.

8. gr. Breytingar á skipulagsskrá, slit og sameining

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvarðanir um slit eða sameiningu Verzlunarskólans getur fulltrúaráð skólans tekið með samþykki aukins meirihluta (2/3) fulltrúaráðsmanna.

Verði Verzlunarskóli Íslands lagður niður sem sjálfseignarstofnun skal fulltrúaráð skólans ákvarða um ráðstöfun eigna, greiðslu skulda og skuldbindinga skólans, þar á meðal um réttindi þeirra námsmanna sem ekki hafa lokið námi. Við slit á skólanum skal eignum umfram skuldir að öðru leyti vera ráðstafað af fulltrúaráði Verzlunarskólans í samráði við skólanefnd með tilliti til markmiða skólans.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 og samkvæmt lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað áður útgefinnar skipulagsskrár frá 3. mars 2014.

Reykjavík, 28. ágúst 2026

Undirritunarsíða

Formaður fulltrúaráðs Verzlunarskóla Íslands
Helga Árnadóttir

Björn Brynjúlfur Björnsson

Björn Einarsson

Guðný Helga Herbertsdóttir

Heiðrún Emilía Jónsdóttir

Jóhannes Stefánsson

Jón Guðni Ómarsson

Margrét Ólöf A Sanders

Sigríður Margrét Oddsdóttir